

Fundur þriðjudaginn 10. janúar 2017

Mættir á fund:

Bryndís
Arnar
Íris
Sævar
Ásta
Valgerður

Rætt á fundinum:

Fyrirlestrar:

Vala var búin að tala við Siggu Dögg fyrir 10. bekk og Arion fyrir 8. bekk.

Þarf að vita fjölda nemenda. Vala sendir nafnalistana á Bryndísi. Þá á eftir að senda fjölda til Siggu og Arion og negla dagssetningu.

Fulltrúaráðsfundur:

Þarf að halda hann snemma í febrúar. Muna að boða Árnýju á fundinn. Fundurinn var haldinn í mars í fyrra.

Jólagangan:

Jólagangan gekk vel og góð mæting ca. 200 manns. Var vel auglýst, bæði í skólanum og leikskólanum. Farin var styttri gönguleið hjá báðum skólum. Hittust hjá trúnu og aftur til baka.

Talað um við foreldra að ef ekki fæst næg þátttaka á viðburði og undirbúning fyrir viðburði að þá verða þeir felldir niður.

Fjáröflun:

Foreldrar vildu ekki taka fjáröflun fyrir jólagöngu þetta árið.

Öskudagur:

Ásta tekur undirbúning með Írisi fyrir öskudaginn. Við sjáum um að gefa öllum nammi á öskudaginn. Það var frekar dýrt frá Nóa Siríus. Ætlum að skoða Kólus. Athuga að fá veglegri gjöf fyrir að slá köttinn úr tunnunni.

Vera búin að prenta út söngmiða fyrir undirbúningsfund. Björg prentar út. Láta foreldra dreifa miðunum. Í fyrra voru prentaðir of fáir miðar. Hafa fundinn í síðasta lagi 15.-20. feb. Stefna á að hafa fundinn fyrir vetrarfrí.

Páskabingó:

Hugsanlega mið 29. og fim 30.mars.

Fjárhagsstaðan:

622.165,- kr. Eigum eftir að gera upp jólasveininn. Innheimta hefur ekki gengið nógu vel. ca. 241 sem hafa greitt.

Önnur mál:

Gleymdist að fara með nammikörfu inn á kennarastofu fyrir jólin. Ætlum að fara með glaðning á kennarastofuna með vorinu.

Næsti fundur (fulltrúaráðsfundur) ákveðinn þriðjudagur 7. feb. Stjórnin hittist hálf tíma fyrir fund.